

BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR (RFI)

Lagning ljósleiðara í Svalbarðshreppi Beiðni um upplýsingar (RFI)

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Svalbarðshrepp, sem veita á öruggt netsamband í samfélaginu. Gert er ráð fyrir að öllum lögbýlum, frístundahúsum og öðrum áhugasömum í hreppnum standi til boða að fá tengdan ljósleiðara heim til sín.

Auglýst er eftir:

A. Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu í Svalbarðshrepp á næstu þremur árum.

eða

B. Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja og e.t.v. reka til framtíðar með stuðningi frá hreppnum, komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi munu þurfa að uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi og fjárhagslegan styrk, hafa reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, sýna fram á raunhæfa verkáætlun o.fl.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu á netfangið sthg@svabardshreppur.is fyrir kl. 12:00 þann 12.02.2016. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum/skýringum og skulu slíka fyrirspurnir sendar á netfangið sthg@svabardshreppur.is.

Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
5. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 3. febrúar 2016

Þorablót á Raufarhöfn

Hið árlega þorablót Raufarhafnar verður haldið í félagsheimilinu Hnithjörgum 6. febrúar 2016.

Miðasala verður sama dag frá kl 12:00 - 13:00 og er miðaverð kr. 4.000. Sama verð á ballið.

Við viljum biðja fólk um að taka sig saman um hvað margir eru í þeirra hópi og tilkynna í netfangi til helgajonu@gmail.com eða í síma 770-6756 fyrir 2. febrúar.

Nefndin mun svo raða eftir sinni bestu getu í salinn.

Ekki er hægt að panta ákveðin borð.

Húsið opnar kl 19:30 og borðhald hefst kl. 20:00.

Að skemmtun lokinni mun hljómsveitin SOS leika fyrir dansi fram á nótt.

Að venju efnum við til samkeppni um besta botninn, en fyrriparturinn er svona:

Þá fer ég á þorablót

og þykist nokkuð slunginn.

Takið endilega daginn frá og mætum á þorablót, hlökkum til að sjá og fá sem flesta.

Nefndin

Skegla

Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skegla kemur næst út miðvikudaginn 10. febrúar 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.